

Sveitarfélagið Hornafjörður  
b.t. Skúli Ingibergur Þórarinsson  
Víkurbraut 24  
780 Höfn í Hornafirði

11.12.2024

### Efni: Eftirlitsskýrsla Vinnueftirlitsins í umsögn

Vinnueftirlitið vísar til eftirlitsheimsóknar, dags. 4.12.2024, til starfsstöðvar fyrirtækis þíns að Velferðarsvið þar sem vinnuumhverfið var skoðað. Í meðfylgjandi drögum að skýrslu er gerð grein fyrir þeim atriðum í vinnuumhverfi starfsfólks sem Vinnueftirlitið gerir kröfur um að gerðar séu úrbætur á þannig að samræmist lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í þeim. Í skýrslunni koma meðal annars fram drög að fyrirmælum og tímafrestum um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en Vinnueftirlitið tekur ákvörðun um að veita fyrirmælin sem fram koma í meðfylgjandi drögum að skýrslu er þér gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við efni skýrslunnar með vísun til 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Hvetur Vinnueftirlitið til þess að farið sé vel yfir þessi atriði. Ef athugasemdir eru við efni skýrslunnar er óskað eftir að þær berist Vinnueftirlitinu skriflega með tölvubréfi á netfangið [vinnueftirlit@ver.is](mailto:vinnueftirlit@ver.is) fyrir 25.12.2024.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vinnueftirlits ríkisins



Jóna Björt Friðriksdóttir

Meðfylgjandi: Drög að eftirlitsskýrslu nr. V202412-JBF-0307858

Sveitarfélagið Hornafjörður  
b.t. Skúli Ingibergur Þórarinsson  
Víkurbraut 24  
780 Höfn í Hornafirði

Tegund skoðunar: Reglubundin skoðun dags. skoðunar: 4.12.2024  
Staðsetning skoðunar: Velferðarsvið  
Vinnustaður:  
Tengiliður vegna eftirlitsheimsóknar: Jóna Björt Friðriksdóttir  
Annað starfsfólk Vinnueftirlitsins sem koma að eftirlitsheimsókn:

Þátttakendur f.h. atvinnurekanda í eftirlitsheimsókn:  
Skúli Ingibergur Þórarinsson  
Sigrún Bessý Guðmundsdóttir

Upplýsingar tengdar heimsókn:  
Reglubundið eftirlit, átaksverkefni Vinnueftirlitsins

Mikilvægt er að atvinnurekendur stuðli að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og öryggismenningu. Það skiptir því miklu máli að vinnuumhverfi vinnustaða sé öruggt og heilsusamlegt og sé í samræmi við lög og reglur sem um þau gilda hverju sinni.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir þeim atriðum í vinnuumhverfi starfsfólks sem Vinnueftirlitið gerir kröfur um að gerðar séu úrbætur á eftir eftirlitsheimsókn sína þar sem meðal annars koma fram fyrirmæli og tímafrestir um hvenær úrbótum skuli lokið.

Þessi eftirlitsskýrsla telst stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Vinnueftirlitið hvetur til að farið sé vel yfir þessi atriði og þau lagfærð innan skilgreindra tímafresta til að tryggja öryggi og góðan aðbúnað starfsfólksins.

Atvinnurekandi skal senda Vinnueftirlitinu tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef á við, á netfangið [vinnueftirlit@ver.is](mailto:vinnueftirlit@ver.is) innan tímafrestanna sem koma fram í skýrslunni. Vinsamlegast setjið númer skoðunarskýrslu í efnislinu tölvupóstsins.

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests, þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminnar sem fyrirmælin beinast að, sbr. 84. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og/eða dagsekta, sbr. 87. gr. sömu laga.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að efni þessarar skýrslu verði kynnt fyrir fulltrúum starfsmanna, þ.m.t. öryggistrúnaðarmönnum.

## Fyrirmæli 1 - Vinnuverndarstarf

### Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem þarfnast uppfærslu.

Ef fullnægjandi áætlun um öryggi og heilbrigði liggur ekki fyrir eru auknar líkur á slysum og heilsutjóni fyrir starfsfólk.

### Fyrirmæli

Endurskoða skal áætlun fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði. Við endurskoðun áætlunarinnar skal hafa samráð við starfsfólk svo og öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði eða öryggisnefnd, ef við á. Endurskoðuð áætlun skal kynnt í kjölfarið öllu starfsfólki fyrirtækisins.

### Lög & reglur:

65. gr., 65. gr. a og 66. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

20.-21. gr., 26. - 30. gr. og 32. gr. reglugerðar nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

5. gr. reglugerðar nr. 1009/2015, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegrar áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

### Leiðbeiningar:

Allir atvinnurekendur bera ábyrgð á að gerð sé áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, óháð stærð. Meginþættir hennar eru áhættumat og áætlun um heilsuvernd og forvarnir þar á meðal viðbragðsáætlun um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi og neyðaráætlun.

Áætlunin er grunnur að góðu vinnuverndarstarfi. Henni er ætlað að stuðla að öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks.

- Áætlunin á að vera skrifleg. Framsetning hennar þarf að vera skýr og aðgengileg fyrir stjórnendur og starfsfólk.
- Áætlunin gefur gott yfirlit yfir áhættur á vinnustað og hvernig hefur verið komið í veg fyrir eða dregið úr þeim með forvörnum. Þegar grípa þarf til úrbóta á vinnustaðnum skulu þær vera tímasettar í áætluninni.
- Áætlunin er lifandi skjal sem þarf að endurskoða reglulega og þegar aðstæður breytast. Eins þarf að meta árangur aðgerða.
- Atvinnurekandi þarf að sjá til þess að áætluninni sé framfylgt í daglegum rekstri þannig að vinnuverndarstarfið sé órjúfanlegur þáttur í starfseminni. Það er lykillinn að því að stuðla að öryggi og vellíðan starfsfólks í vinnuumhverfinu.

[www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)

### Veittur frestur:

3.3.2025

Móttakandi skýrslu

Kæruheimild til félagsmálaráðuneytis

Heimilt er að kæra ákvörðun þessa til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, innan þriggja mánaða frá móttöku skýrslu þessarar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vinnueftirlits ríkisins

Jóna Björt Friðriksdóttir